



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
5.tbl – Nóvember 2015

Vinnuhundadeild HRFÍ stóð fyrir tveimur hlýðniþrófum í október. Annað prófið var haldið á Akureyri helgina **3.-4. október**. Dómari var Albert Steingrímsson og prófstjóri var Sandra Einardsóttir. Frábær skráning var í prófið báðan dagana eða samtals 22 skráningar. Tveir hundar nældu sér í Bronsmerki og þrír nældu sér í Silfurmerki en keppt var í Brons, Hlýðni 1 og Hlýðni 2. Björn Ólafsson dæmdi svo hlýðniþróf **10. október** þar sem Erla Heiðrún Benediktsdóttir var prófstjóri. Einn hundur lauk Bronsprófi og einn Hlýðni 2 prófi en það var schäfer-tíkin Vonzju's Asynja og er hún fyrsti hundurinn til að hljóta titilinn OBII.



Schäferdeild HRFÍ hélt glæsilega **deildarsýningu** laugardaginn **3. október** í reiðhöllinni í Keflavík. Dómarinn var Louis Donald sem kemur frá Ástralíu og var 61 hundur skráður til leiks. Louis skrifar mikið af greinum um byggingu schäfer og fékk deildin hann því til að halda fyrirlestur eftir sýninguna sem var vel sóttur. Valdi Louis snögghærða schäferinn, ISShCh RW-15 Juwika Fitness, sem besta hund

sýningar. Um kvöldið var svo haldinn sameiginlegur kvöldverður þar sem borðaður var góður matur og gleðin hélt áfram fram eftir kvöldi.



Hundaræktarfélag Íslands tók aftur upp þá hefð að **halda Laugarvegsgöngu** við frábærar undirtektir félagsmanna. Gangan var haldin í blíðskaparveðri laugardaginn **10. október** síðastliðinn. Gengið var frá Hlemmi og niður í Hljómskálagarð. Margt var um manninn og hátíðlegur andi var yfir fólki.



Deildir Hundaæktarfélag Íslands tók þátt í **Stórhundadögum** í Garðheimum 10.-11. október síðastliðinn, alls tóku sautján tegundir þátt að þessu sinni. Tilgangur kynningarinnar er að sýna almenningi fjölbreytileika hunda á Íslandi og að gefa almenningi kost á að nálgast og fræðast um þessa hunda hjá eigendum.



Skráningu á síðustu sýningu ársins, **alþjóðlega sýningu HRFÍ**, lauk föstudaginn **16. október**. Mikill fjöldi hunda er skráður til leiks eða um 600 hundar. Undirbúningur fyrir sýninguna er nú kominn á fullt og er töluverð tilhlökkun í fólki að klára sýningarárið með pomp og prakt.



Á döfinni:

Alþjóðleg sýning HRFÍ fer fram dagana **14.-15. nóvember** næstkomandi í **reiðhöllinni í Víðidal**. Fimm dómarafrá fjórum löndum dæma hundana á þessari síðustu sýningu ársins. Rétt um 600 hundar eru skráðir til dóms og munu dómarafrá standa frá 9:00 og fram eftir degi alla helgina. Að þessu sinni koma allir fimm dómarafrá frá Norðurlöndunum.

Föstudagskvöldið 13. nóvember fer fram á sama stað og sýningin, bæði **keppni hjá ungum sýnendum ásamt hvolpasýningu**. Rúmlega 20 ungir sýnendur munu mæta og sýna listir sínar að þessu sinni og er hörð keppni á meðal stigahæstu krakkanna í eldri flokknum. Á ári hverju eru veitt verðlaun fyrir stigahæstu ungu sýnendurna og er til mikils að vinna. Efsti ungi sýnandinn eftir árið fær að fara fyrir Íslands hönd á Crufts, stærstu hundasýningu í heimi, þar sem hann keppir við unga sýnendur alls staðar að úr heiminum í harði keppni með ókunnuga hunda.

Á sama tíma eru hvolparnir okkar dæmdir, dómarafrá að þessu sinni eru þrír; tveir frá Íslandi og einn frá Danmörku. Rúmlega 100 hvolpar eru skráðir til leiks af 37 tegundum og verður valið um bestu hvolpa tegundar skemmtilegt verkefni fyrir dómarafrá.

Dagana **27.-28. nóvember** fer fram augnskoðun á vegum **HRFÍ**. Að þessu sinni mætir dýralæknirinn, Susanne Mølgaard Kaarsholm frá Danmörku og mun hún skoða hunda af hinum ýmsu tegundum og athuga hvort hjá þeim leynist einhverjir augnsjúkdómar sem óæskilegir eru þegar litið er til ræktunar. Mikill fjöldi er ávallt skráður í augnskoðanir sem félagið stendur fyrir og eru þær haldnar fjórum sinnum yfir árið. Þá eru fluttir til landsins dýralæknar sem sérhæfa sig í augnsjúkdómum.

Vinnuhundadeild HRFÍ mun standa fyrir **hlýðniþrófi** föstudaginn **13. Nóvember í Víðidalnum** og verður Albert Steingrímsson dómari. Þrófstjóri verður Gunnhildur Jakobsdóttir. **Sporapróf** verður svo haldið **sunnudaginn 22. nóvember** og dómari verður Þórhildur Bjarmar. Keppt verður í Spori 1 og 2.